

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 916/2001 um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl.

1. gr.

7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir tilnefningu á Íslandi í umsókn um alþjóðlega skráningu vörumerkis eða félaga-merkis skal greiða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar:

	Kr.
1. Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Fyrir umsókn um skráningu félaga-merkis og endurnýjun skal greiða:

	Kr.
1. Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	14.000
2. Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	3.000

3. gr.

16. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

	Kr.
Hámarksgjald vegna áfrýjunar á grundvelli laga um einkaleyfi, laga um vörumerki, laga um hönnun og laga um félaga-merki	80.000
Áfrýjunargjald greiðist iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Sé mál afturkallað áður en áfrýjunarnefnd er fullskipuð, málinu vísað frá áfrýjunarnefnd eða það vinnst þar skal endurgreiða	60.000

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi, 63. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, 53. gr. laga nr. 46/2001 um hönnun og 9. gr. laga nr. 155/2002 um félaga-merki, öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Stykkishólmi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Stykkishólms, hefur verið ákveðið að gera eftirfarandi breytingar á reglum um umferð í Stykkishólmi:

I. Biðskylda:

- a. Umferð um Nestún víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- b. Umferð um Áskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- c. Umferð um Neskin víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaður Snæfellinga, 8. janúar 2003.

Ólafur K. Ólafsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og
þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.**

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2003 eru settar skv. 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2003.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum,